


Vöktun Náttúruverndarsvæða 2020

Minnisblað



Sigurður Halldór Árnason

Bakrunnur

Þetta minnisblað gerir lauslega grein fyrir þeirri vinnu sem Náttúrustofa Vestfjarða hefur framkvæmt sumarið 2020 fyrir verkefnið „Vöktun Náttúruverndarsvæða“. Markmið með því verkefni er að vakta náttúruverndarsvæði á Vestfjörðum og annarra svæða þar sem eru, eða útlit er fyrir að verði, undir álagi ferðamanna. Hér að neðan er gert grein fyrir þeim svæðum sem voru heimsótt af Náttúrustofu Vestfjarða og gert er lauslega grein fyrir þeirri vinnu sem gerð var á hverju svæði.

Náttúrustofa Vestfjarða lagði sérstaka áherslu á Hornstrandarfriðlandið á árinu 2020 og lagði Náttúrufræðistofnun einnig til að forkönnun yrði gerða á völdum svæðum á Vestfjörðum til þess að athuga hvort árleg vöktun á þessum svæðum væri nauðsinnileg. Forkönnunar svæðin voru: Hvalárvæðið í Ófeigsfirði, Breiðavík (Látrabjarg), ýmsar náttúrulaugar, Vatnsfjörður, Surtabrandsgil, Hvítanes (selir), Dynjanda og Húsavíkurkleif.

Framvinda

Hornstrandarfriðland

1. Göngustígar: Athugað var álag vegna ferðamanna á göngustígum. Gengnir voru stígar og voru svæði sem mikið sást á mynduð, mæld og var staðsetning álagssvæða skráð. Einnig voru ágengar og sjaldgæfar plöntur skráðar og öll refagreni sem gengið voru framhjá athuguð. Einnig voru allar plöntur greindar og taldar á tjaldsvæðum en mikið erum um plöntu fjölbreytileika á tjaldsvæðunum.
 - a. Gengið var frá Höfn í Hornvík að Horni og þar upp að Hornbjargi. Svo var gengið Miðfell, Múla, yfir Almenningskarð, niður í Látravík og svo Hestskarðið aftur í Höfn.
 - b. Gengið var frá Höfn, út Hornvík, yfir í Rekavík, upp að Atlaskarði og til baka.
 - c. Gengið var frá Höfn, út Hornvík, að Langakambi og til baka.
 - d. Gengið var frá Höfn, inn Hornvík og upp að Hafnarskarði
 - e. Gengið var frá Hesteyri til Stekkeyrar og til baka.
 - f. Gengið var frá Hesteyri og upp Hesteyrarveg einhvern spöl.
 - g. Gengið var frá Hesteyri og í áttina að Sléttu (serka 4km.).
2. Fuglar: Fuglar voru taldir á öllum þeim göngustígum sem að gegnir voru. Í sumum tilfellum var gengið í 500 metra fjarlægð samhliða merktum göngustígum og fuglar taldir en með þessari aðferð var fyrirhugað að hægt væri að meta áhrif ferðamanna á viðveru fugla við merкта göngustíga. En er óvíst hvort að þessi aðferð sé raunhæf til að meta áhrif ferðamanna á fugla.
3. Refir: Athugað var ábuð í öllum þeim refagrenjum sem labbað var nálægt en Náttúrustofa Vestfjarða var með GPS hnit fyrir öll refagreni á svæðinu.

Forkönnun á völdum svæðum á Vestfjörðum

Grungögn voru söfnuð um ástand dýrmætra svæða sem eru eða gætu í náinni framtíð orðið undir álagi. Á þessum svæðum voru göngustígar gegnir (ef til staðar), ljósmyndir teknar á ákveðnum punktum, drónamyndir teknar, 3D drona kort gerð, og voru skemmdir skráðar á eyðublöð og hnitset.

Svæðin sem að heimsótt voru: Látrabjarg, ýmsar náttúrulaugar (7), Vatnsfjörður (Stóragil og Vatnsdalur), Hvítanes, Dynjandi og Húsavíkurkleif.